

325. fundur Skólanefndar FS

12. febrúar 2014



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Þormóður Logi Björnsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Sveinbjörg Sigurðardóttir og Elva Dögg Sigurðardóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Vorönn 2014.
 2. Ársskýrsla fyrir 2013.
 3. Uppgjör liðins árs.
 4. Önnur mál.

1. Vorönn 2014.

Skólameistari sagði frá vorönn 2014 en nemendur í dagskóla eru um 950 en auk þess stunda um 100 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Nemendur eru nokkuð færri en verið hefur undanfarnar annir. Brynjólfur Nikulásson, Guðrún Jóna Magnúsdóttir, Ólöf Hildur Egilsdóttir og Sigrún E. Jónsdóttir hættu störfum um áramót. Sigurður Geirfinnsson hefur verið ráðinn umsjónarmaður og Eva Björg Sigurðardóttir mun starfa á starfsbraut á þessari önn. Nokkuð los hefur verið á nemendum á önninni vegna umræðu um mögulegt verkfall framhaldsskólakennara.

2. Ársskýrsla fyrir 2013.

Skólameistari sagði frá vinnu við ársskýrslu skólans fyrir árið 2013 en hún verður tilbúin næstu daga. Þar eru upplýsingar um nemendur, starfsfólk, námsframboð og hvernig hefur gengið að ná þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér. Dregið hefur úr brottfalli en markvisst hefur verið unnið að því undanfarin ár.

3. Uppgjör liðins árs.

Skólameistari kynnti rekstraryfirlit skólans fyrir árin 2011-2013. Eigna- og tækjakaup hafa dregist verulega saman á þeim tíma. Framlag til skólans hefur lækkað að raunvirði um 195 milljónir króna á milli áruna 2008 og 2014. Skólinn fær 18,7 milljóna króna aukaframlag á árinu vegna verkefna sem miða að því að minnka brottfall.


Guð
KASUN
S.K.
RB
EDS

HR


4. Önnur mál.

- a) Formaður nemendafélagsins sagði frá starfsemi félagsins en söngleikurinn Dirty Dancing verður frumsýndur 20. febrúar og góðgerðarsýning verður þann 21. Lið skólans keppir í næstu umferð Morfis í lok febrúar.
- b) Þemadagar verða 20. og 21. febrúar en þemað í ár er geðheilbrigði.
- c) Kynningarfundur fyrir nemendur 10. bekkjar og foreldra þeirra verður á sal skólans 3. mars. Í mars tekur skólinn einnig þátt í kynningu á framhaldsskólum í tengslum við Íslandsmót iðngreina.
- d) Skýrsla um samstarf í menntamálum á Suðurnesjum er komin út á vegum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.


Fleira ekki gert og fundi slitið.




Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður


Guðbjörg Kr.
Guðbjörg Kristmundsdóttir


Kristín María
Kristín María Birgisdóttir


Þormóður Logi Björnsson


Guðinn Valdimarsson


Elva Dögg Sigurðardóttir


Sveinbjörg Sigurðardóttir


Kristján Ásmundsson


Guðmann Kristþórsson, fundarritari

